

Hætta í ESB eða verða gjaldþrota segir írskur hagfræðingur

Að sögn írsku hagfræðingsins David McWilliams hefur Evrópusambandið lítið gert til að aðstoða Írland í þeim efnahagslegu erfiðleikum sem staðið hafa yfir að undanfögnu. Telur hagfræðingurinn að í raun geysi stríð innan sambandsins á milli smærri þjóða og svo þeirra stóru sem mun meira vægi hafa í starfi sambandsins.

Fram kemur í frétt breska blaðsins Telegraph að hagfræðingurinn David McWilliams hafi nú rofið þagnarmúr sem staðið hafi umhverfis djúpstæð vandamál á evrusvæðinu. Bendir hagfræðingurinn á mikill vandi nái þvert yfir evrusvæðið og sé auðmerkjanlegt í ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa auk annarra vísa á markaði. Segir hann að vandinn sé nú mestur í Írlandi og muni halda áfram suður eftir Evrópusambandinu með keðjuverkun verði ekkert að gert.

Að sögn Telegraph er það mat stjórnmálamanna í Írlandi að ekki sé eðlilegt hversu stíf stjórn ESB hafi verið gagnvart Írlandi eftir að landið hafnaði tillögu um stjórnarskrá ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. McWilliams sagði í samtali við RTE útvarpsstöðina að Írar hafðu tvo kosti í stöðunni, að draga sig út úr Evrunni og mögulega Evrópusambandinu eða fara á hausinn í óbreyttu skipulagi.

„Það geisar stríð þar sem lönd verða að verja sig. Það er mjög mikilvægt að við förum til Evrópusambandsins og segjum að við eigum í alvarlegum vandræðum. Við segjum, annað hvort förum við á hausinn eða við drögum okkur út úr Evrópu“

Þá bendir McWilliams á að hrunadans Írlands sé aðeins byrjunin á því framundan sé í Evrópusambandinu vegna djúpstæðra vandamála á Evrusvæðinu.

„Ef Írland heldur áfram niður þennan glapstíg, sem er nálægt gjaldþroti, þá mun gjörvöll Evrópa verða fyrir miklum áföllum. Trúverðugleiki evrunnar mun skaðast mjög. Spánn gæti fylgt í kjölfarið, Ítalía og Grikkland“ sagði McWilliams.

„Ef við það á að vera ein mynt [evran] þá þurfa að vera skyldur hjá báðum aðilum. Þeirri hugmynd að Þýskaland og Frakkland geti bara skilið okkur eftir dauðvona, líkt og rætt hefur verið um undanfarna daga, verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust“

McWilliams sagði einnig að myntsvæði Evrópu væri að koma í veg fyrir Írland kæmist aftur á réttan kjöl og að eina leiðin til að leysa vandann væri að verða á nýjan leik útflutningsþjóð sem tæki á sig launalækkanir, setti meira fólk á opinbera styrki og tæki svo á sig langa niðursveiflu.

„Hin leiðin er að gera það sem Bretar eru að gera. Bretar láta pundið sitt falla í verði svo að hluti af þeirra færir burt. En við höfum svipt okkur þessum möguleika með því að taka upp evruna“

Þá sagði McWilliams að Írland væri að borga tvöfalt verð fyrir evruna, fyrst með skiptakjörum myntarinnar

og svo aftur með þeim vöxtum sem á henni væru.

„Með því að halda núverandi stefnu áfram er [írski] ríkið að tryggja að Írland breytist í stóran skuldabagga. Er það góð aðferð við að vinna stríð?“ sagði írski hagfræðingurinn að lokum.

David McWilliams hefur samkvæmt Telegraph og Wikipedia verið starfað fyrir seðlabanka Írlands, UBS - einn stærsta banka Sviss og franska bankann Banque Nationale de Paris sem er einn stærsti banki Evrópu.